

Fundargerð 15. fundar stjórnar Hundaræktarfélags Íslands

starfsárið 2023-2024.

Mánudaginn 15. apríl kl. 19:00 var haldinn fimmtándi fundur stjórnar Hundaræktarfélags Íslands.

Fundurinn var haldinn í húsnæði félagsins að Melabraut 17, 220 Hafnarfirði.

Mættar voru: Anna María Gunnarsdóttir, Erla Heiðrún Benediktsdóttir og Erna Sigríður Ómarsdóttir. Anna Guðjónsdóttir og Guðbjörg Guðmundsdóttir sátu fundinn í gegnum fjarfundabúnað. Ágústa Pétursdóttir, framkvæmdastjóri, sat fundinn.

Anna ritaði fundinn.

Dagskrá:

1. Erindi afgreidd á milli funda

Nýir sýningadómarar

Erindi barst stjórn, að undanskilinni Ernu sem kom ekki að afgreiðslu málsins, frá sýningadómaranefnd þar sem mælt var með samþykki tveggja nýrra sýningadómarar, þeim Ágústu Pétursdóttur og Ernu Sigríður Ómarsdóttur. Stjórn staðfesti ný dómararéttindi þeirra Ernu og Ágústu og óskar þeim til hamingju og farsældar í dómarastörfum sínum.

Fyrsta einkunn í meginlandshundaprófi gildir inn í keppnisflokk í heiða- og sækiprófi

Ítrekaðar fyrirspurnir hafa komið frá deildum innan tegundahóps 7 varðandi það að fyrsta einkunn í opnum flokki í meginlandshundaprófi gildi í keppnisflokk í heiða- og sækiprófi. Haft var samband við NKK sem lýsti því yfir að fyrirkomulagið er með þessum hætti þar, var ákveðið að heimila það hér.

Reglur um veiðipróf fyrir retrieverhunda

Eftir svar Retrieverdeildar við ósk stjórnar um frekari útskýringar á nokkrum atriðum varðandi breytingar á reglunum samþykkti stjórn þær breytingar sem óskað var eftir.

2. Spanieldeild

Tveimur nýjum tegundum hefur verið bætt við Spanieldeildina, Lagotto romagnolo og Portugese water dog.

Deildin sendi inn umsókn um deildarsýningu, stjórn er samþykkt sýningunni að fenginni umsögn sýningastjórnar.

3. Terrierdeild

Erindi barst frá Terrierdeild um breytingu á dómara á deildarsýninguna þeirra í september þar sem fyrri dómari þurfti að afboða sig. Að fenginni umsögn sýningastjórnar er dómarabreytingin samþykkt.

4. Grefil- og sporhundadeild

Erindi barst frá Grefil- og sporhundadeild um deildarsýningu í október. Umsóknin er samþykkt að fenginni umsögn sýningastjórnar.

5. Eigendaskipti á ræktunarnafni

Beiðni um eignarhaldsbreytingu á ræktunarnafni hefur borist stjórn. Breytingin er samþykkt.

6. Erindi frá félagsmanni varðandi ræktunarkröfur

Tvenn erindi bárust stjórn frá sama aðila. Annað erindi varðar breytingu á reglum um skráningu í ættbók, málið hefur verið sent til ræktunar- og staðlanefndar til umsagnar. Hitt erindið varðar ósk um undanþágu á núgildandi ræktunarkröfum. Stjórn mun ekki veita undanþágu.

7. Erindi frá félagsmanni varðandi fóðursamning félagsins

Beiðni barst frá félagsmanni um að fá yfirlýsingu frá stjórn hvenær staðlaður fóðursamningur félagsins hafi verið birtur og um það að ekki sé krafa að nota samninginn. Erindinu verður svarað.

8. Aðalfundur

Stuttlega farið yfir skýrslu stjórnar sem verður birt á vef félagsins fyrir aðalfund.

Lagabreytingatillögur stjórnar dregnar til baka þar sem ekki náðist að birta þær með nægilega miklum fyrirvara.

9. BOAS

Erna sat Teams fund varðandi BOAS með Jane Ladlow og íslensku dýralæknunum sem fóru út til Noregs í fyrra á ráðstefnu. Farið yfir þróanir á verkefninu og hvernig byrjun þessa verkefnis verður háttað hér á landi. Hópskoðun fer fram á vegum félagsins laugardaginn 27. apríl. Skráning gengur

vel og eru enn laus pláss í skoðunina. Krafa um BOAS próf verður gert á English bulldog, French bulldog og Pug frá og með 1. ágúst n.k.

Fundi slitið kl. 20:00